



## Fundargerð 25. september 2017

Fundur bráðabirgðastjórnar Sósíalistasflokks Íslands, haldinn 25. september 2017 á Café Meskí í Skeifunni. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Mætt voru úr stjórn Sólveig Anna Jónsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir og Viðar Þorsteinsson. Benjamín Julian mætti klukkan 20:43. Katrín Baldursdóttir, félagsmaður, var einnig mætt.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1 · Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar, 18. september 2017, var samþykkt.

### 2 · Kosningar

Rætt var um hvernig flokkurinn gæti beitt sér í aðdraganda kosninga, nú þegar fyrir liggur að hann býður ekki fram. Rætt var um möguleika á fundum eða öðrum upptakum í tilefni kosninga, mögulega með fulltrúum flokka sem eru vinstra megin í stjórnmalunum til að fjalla um tiltekin málefni. Rætt var um mismunandi útfærslur á „town hall“ fundum; samþykkt var að halda áfram að skoða þennan möguleika.

### 3 · Málefnaþóparnir

Rætt var um eftirvinnslu málefnaþóparnsins og hvernig mætti kynna það áfram, m.a. með því að dreifa myndbandi með stuttum viðtölum við félagsmenn sem tóku þátt í starfinu.

Rætt var um hvernig mætti virkja meðlimi málefnaþópanna áfram, ss. í því að kynna niðurstöður málefnaþóparnsins á Sósíalistaþingi og mögulega víðar, til að mynda í fjölmiðlum. Mikilvægt væri að þeir félagsmenn sem hafa verið virkir í þessu starfi hafi áfram rödd og sýnileika.

Katrín Baldursdóttir skilaði af sér „sósíalistagestabók“ sem inniheldur kontaktupplýsingar yfir félagsmenn sem tók þátt í málefnavarfinu, og veitti Viðar Þorsteinsson ritari henni viðtöku fyrir hönd stjórnar.

#### 4 · Sellur

Fram kom það sjónarmið að nú sé viss þrýstingur á stjórnina að ýta sellustarfi áfram þar er búið sé að gefa fyrirheit um það og tilkynna opinberlega.

Þá var rætt um að möguleika á því að stofna hópa innan flokksins fyrir meðlimi einstakra verkalýðsfélaga, t.d. Eflingar, VR og Kennarasambandsins.

#### 5 · Sósíalistaping

Rætt var vítt og breitt um fyrirhugað Sósíalistaping, hvernig dagskrá og skipulag gæti litið út, hvaða tón ætti að slá o.s.frv. Fram kom að þingið þarf væntanlega að sameina a.m.k. þrennt: 1) áherslu á pólitísk skilaboð og að setja valin málefni í brennidepil, 2) hefðbundin aðalfundarstörf (skýrslu stjórnar, stjórnarkjör o.þ.h.) og 3) að bjóða félagsmönnum upp á tækifæri til að kynna, blanda gleði og skemmta sér saman undir óformlegri dagskrá, til að mynda með lifandi tónlist, plötusnúði og/eða ljóðalestri.

Rætt var um að setja góðan undirbúning í mat og matarhlé og nýta tækifærin í kringum það til að byggja upp gott andrúmsloft. Stungið var upp á að hafa bása með mat og drykk, og gætu slíkar veitingar verið framreiddar af öðrum félagasamtökum þeim til fjáröflunar.

Rætt var um hvort skynsamlegt væri að biðja félagsmenn að skrá sig fyrirfram og var vel tekið í þá hugmynd. Skráningargjald gæti innifalið mat á hóflegu verði, en einnig væri hægt að útvista matsölu. Lítil hljómgrunnur var fyrir því að fara út að borða með gesti þingsins, enda yrði það kostnaðarsamt.

#### 6 · Önnur mál

Beiðni í gegnum tölvupóst um fjárframlög frá félagsmönnum hefur verið nokkurn veginn kláruð, og biður þess aðeins að vera send út. Samþykkt var að klára sendingu beiðinnar.

Fundi lauk um klukkan 22:00.